

Nd.

31. Frumvarp til laga

[31. mál]

um íslenzkan ríkisborgararétt.

(Lagt fyrir Alþingi á 72. löggjafarþingi, 1952.)

1. gr.

Barn öðlast íslenzkt ríkisfang við fæðingu

1. ef það er skilgetið og faðir þess er íslenzkur ríkisborgari,
2. ef það er skilgetið og fætt hér á landi og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari, enda eigi faðir þess hvergi ríkisfang eða barnið fær ekki ríkisfang föðurins við fæðingu,
3. ef það er óskilgetið og móðir þess er íslenzkur ríkisborgari.

Barn, sem fundizt hefur hér á landi, telst, þar til annað reynist sannara, vera íslenzkur ríkisborgari.

2. gr.

Nú eiga íslenzkur karlmaður og erlend kona börn saman áður en þau ganga í hjónaband, og öðlast börnin þá íslenzkt ríkisfang við giftingu foreldranna, ef þau hafa eigi gengið í hjónaband og eru eigi fullra 18 ára.

3. gr.

Útlendingur, sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér samfleytt lögheimili síðan, öðlast íslenzkt ríkisfang með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, eftir að hann hefur náð 21 árs aldri en innan fullnaðs 23 ára aldurs. Eigi hann hvergi ríkisfang eða sanni, að hann muni missa erlends ríkisfangs síns er hann öðlast íslenzkt ríkisfang, getur hann gefið yfirlýsingu þessa, þegar hann er fullra 18 ára.

Eigi ríkið í ófriði, getur borgari í óvínaríki ekki öðlast íslenzkt ríkisfang samkvæmt þessari grein. Sama á við um þann, sem ekki á ríkisborgararétt í neinu ríki, en hefur síðast átt ríkisborgararétt í óvínaríki.

4. gr.

Nú hefur einhver, sem öðlast hefur íslenzkt ríkisfang við fæðingu og átt hefur hér lögheimili til fullnaðs 18 ára aldurs, misst íslenzks ríkisfangs síns, og fær hann þá ríkisfangið að nýju, hafi hann átt hér lögheimili síðustu 2 árin, með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Sé hann ríkisborgari í öðru landi, stoðar slík yfirlýsing þó því aðeins, að hann sanni, að hann við þetta missi hins erlenda ríkisborgararéttar.

5. gr.

Nú öðlast karlmaður ríkisfang, samkvæmt 3. gr. eða 4. gr., og öðlast þá jafnframt skilgetin, ógift börn hans, undir 18 ára aldri, sem búsett eru hér á landi, ríkisfangið. Þetta nær þó eigi til barna, sem eftir hjúskaparslit foreldranna eða skilnað þeirra að borði og sæng eru falin forráðum móðurinnar.

Ákvæði 1. málslíðs 1. málsgreinar, um að skilgetið barn öðlist ríkisfang með föðurnum, gildir með sama hætti

1. um samband óskilgetins barns og móður þess, nema faðir þess sé útlendingur og hann hafi forráð barnsins,
2. um samband skilgetins barns og móður þess, sem er ekkja,
3. um samband skilgetins barns og móður þess, er hjúskap hennar er slitið eða hún skilin að borði og sæng, og hún hefur forráð barnsins.

6. gr.

Ríkisborgararétt má veita með lögum samkvæmt stjórnarskránni.

Áður en umsóknir um ríkisborgararétt eru lagðar fyrir Alþingi, skal dómsmálaráðuneytið fá um þær umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna á dvalarstöðum umsækjenda.

Eigi sá börn, sem ríkisborgararétt fær með lögum, fer um þau eftir ákvæðum 5. greinar, nema lögin láti öðruvísi um mælt.

7. gr.

Íslenzks ríkisfangs missir

1. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang samkvæmt umsókn sinni eða skýlausu samþykki,
2. sá, sem hlýtur erlent ríkisfang með því að ganga í opinbera þjónustu í öðru ríki,
3. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess, sem hafa forráð þess, fá erlent ríkisfang samkvæmt 1. eða 2. tölulið greinarinnar, eða foreldri, sem hefur eitt forráð barnsins eða ásamt hinu, sem ekki er íslenzkur ríkisborgari, fært erlent ríkisfang með fyrrnefndum hætti,
4. ógift barn undir 18 ára aldri, sem verður erlendur ríkisborgari með þeim hætti, að foreldrar þess ganga í hjónaband. Ef barnið er búsett hér á landi missir það eigi íslenzks ríkisfangs nema það flytji af landi brott innan 18 ára aldurs og eigi þá ríkisborgararétt í öðru landi.

8. gr.

Íslenzkur ríkisborgari, sem fæddur er erlendis og aldrei hefur átt lögheimili hér á landi né hefur dvalizt hér í einhverju skyni, er af megi ráða að hann vilji íslenzkur ríkisborgari vera, missir íslenzks ríkisfangs þá er hann verður 22 ára. Þó getur forseti leyft að hann haldi ríkisfangi sínu, ef um það er sótt innan þess tíma.

Nú missir einhver íslenzks ríkisfangs samkvæmt þessari grein, og missa þá einnig börn hans íslenzks ríkisfangs, sem þau hafa öðlazzt á grundvelli ríkisfangs hans.

9. gr.

Forsetinn getur leyst þann, sem orðinn er eða óskar að verða erlendur ríkisborgari, undan þegnskyldu á Íslandi, enda sanni aðili, að hann verði innan ákveðins tíma erlendur ríkisborgari, ef hann er ekki þá þegar orðinn það.

10. gr.

Dómsmálaráðherra sker úr ágreiningi um það, hvort maður hafi öðlazzt íslenzkan ríkisborgararétt við setningu laga þessara eða fullnægi skilyrðum til að öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með því að lýsa ósk sinni þar um. Skjóta má úrskurði um þetta efni undir úrlausn dómstóla.

Dómsmálaráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd laga þessara.

Yfirlýsingu samkvæmt lögum þessum, um að maður óski að verða íslenzkur ríkisborgari, getur aðeins aðili sjálfur gefið en ekki forráðamaður eða handhafi foreldravalds.

Þar sem eigi er annað ákveðið aldursmark í lögum þessum skal þeim, sem náð hefur 18 ára aldri, heimilt að gefa yfirlýsingu um ríkisborgararétt samkvæmt lögum þessum, án tillits til þess, að hann er háður forráðum annars manns.

11. gr.

Barn undir 18 ára aldri, sem mundi hafa átt íslenzkan ríkisborgararétt ef ákvæði 1. gr. 1. málsg. 2. töluliðs hefðu verið í gildi fyrir gildistöku þessara laga, og ekki er eða hefur verið ríkisborgari í öðru landi, öðlast íslenzkt ríkisfang við gildistöku laganna.

Kona, sem samkvæmt áður gildandi löggjöf hefur misst íslenzks ríkisfangs við það að giftast erlendum ríkisborgara eða við það að öðlast erlendan ríkisborgararétt, annað hvort við hjónaband eða vegna þess að eiginmaður hennar hefur öðlast erlendan ríkisborgararétt, en sem mundi hafa haldið íslenzku ríkisfangi sínu, ef ákvæði þessara laga hefðu áður verið í gildi, getur endurheimt ríkisborgararétt sinn með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Slíka tilkynningu skal þó bera fram fyrir 31. des. 1957.

Kona, sem nær 22 ára aldri fyrir 1. jan. 1956, og hefur verið eða er gift er hún nær þeim aldri, missir ekki íslenzks ríkisfangs samkvæmt 8. gr. 1. málsg. fyrir en í árslok 1956.

Nú flyzt maður búferlum af landi héðan, sem orðinn er ríkisborgari í öðru landi, en hefur haldið íslenzku ríkisfangi samkvæmt ákvæði 2. málslíðs 5. gr. laga nr. 64 28. jan. 1935, og missir hann þá ekki íslenzks ríkisfangs, nema hann eigi enn ríkisborgararétt í öðru landi og mundi missa eða hafa misst íslenzks ríkisfangs samkvæmt ákvæðum 7. gr. þessara laga, ef þau hefðu áður haft gildi.

Annars eiga ákvæði þessara laga við ef þær aðstæður, sem skapa ríkisborgararétt eða valda missi hans, verða eftir gildistöku laganna.

12. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1953.

Jafnframt falla úr gildi lög nr. 64 28. jan. 1935, um ríkisborgararétt, hversu menn fá hann og missa.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Samvinna Norðurlandarikjanna um löggjöf um ríkisborgararétt er allgömul. Hún hófst milli skandinavísku ríkjanna þriggja með stofnun samstarfsnefndar tveim áratugum fyrir síðustu aldamót og urðu störf hennar grundvöllur nokkuð samræmdrar löggjafar ríkjanna. Að nýju var stofnað til slíks samstarfs 1920 og kom ný lagasetning í kjölfar þess í ríkjunum þremur á næstu árum, og var hinum íslenzku lögum um þetta efni breytt til samræmis við þá löggjöf 1926 — og núgildandi lög nr. 64 1935 breyttu ekki aðalatriðum þeirra laga. Í Finnlandi voru sett lög um ríkisborgararétt 1941, og er þar í höfuðatriðum fylgt fordæmi sænsku laganna, er þá voru í gildi. — Hafa ber það hugfast, þegar talað er um samræmi í löggjöf Norðurlandanna um þetta efni, að Danmörk og Ísland hafa stjórnarskrárákvæði um að ríkisborgararéttur skuli veittur með lögum, en í hinum ríkjunum er veiting ríkisborgararéttar framkvæmdarvaldsathöfn. Leiðir af þessu nokkurn mismun í formi, þó efnislega séu sömu reglur um ríkisborgararéttinn.

Þegar við sefningu ríkisborgaralaganna á árunum eftir 1920 kom fram ákveðin gagnrýni á því, að þar væri ekki tekið tillit til breytinga þeirra, sem orðnar væru á réttarstöðu kvenna að ýmsu leyti, stjórn málalega og fjárhagslega.

Áherzla var lögð á, að það samrýmdist ekki hinum breyttu viðhorfum, að ríkisborgararéttur eiginkonu væri háður ríkisborgararétti eiginmanns hennar. Þessara skoðana gætti fyrst í löggjöf í bandarískum lögum árið 1922. Fleiri Ameríkubjóðir tóku þessar reglur upp á árunum fyrir síðari heimsstyrjöldina og svipaðar reglur eru í ríkisborgararéttarlögum Sovétríkjanna frá 1938. Á síðustu árum hefur löggjöf fjölmargra ríkja verið breytt í þessa átt, í brezku samveldislöndunum, Tékkóslóvakíu og nú síðast frá 1. jan. 1951 í Danmörku, Noregi og Svíþjóð. Á Norðurlöndum hafa fyrst og fremst kvennasamtökin barizt fyrir þessari breytingu.

Árið 1946 var efnt til sameiginlegrar endurskoðunar á ríkisborgaralögum Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar. Íslandi og Finnlandi var einnig boðin þátttaka í þessum undirbúningi. Af Íslands hálfu var því lýst yfir, að áhugi væri fyrir því að fylgjast með löggjafarundirbúningnum og taka síðan til meðferðar endurskoðun á líkum grundvelli. Hins vegar voru ekki talin tök á að taka þátt í nefndarstörfum og fundahöldum. Finnar tóku eigi heldur þátt í þessum löggjafarundirbúningi.

Eins og áður segir, var helzta breytingin, sem fyrirhuguð var, sú að binda ekki framfar ríkisborgararétt eiginkonu við ríkisborgararétt eiginmanns, heldur láta konu hafa sjálfstæðan rétt í þessum efnun.— Annað mikilsvert atriði var einnig haft í huga, en það var gagnkvæm rýmkun á rétti Norðurlandabúa til þess að öðlast ríkisborgararétt í öðru Norðurlandarári. Eiga Norðurlandabúar samkvæmt því ákvæði heimild til þess, að uppfylltum nánari skilyrðum, að öðlast ríkisborgararétt með einhliða yfirlýsingu sinni. Ákvæði þetta, sem er í 10. gr. ríkisborgaralaga Danmerkur, Noregs og Svíþjóðar, er aðeins sanningsheimild, en þessi þrjú lönd hafa nú þegar gert slíkan samning með sér. — Ekki þótti tímabært að taka þessi ákvæði inn í lagafrumvarp þetta, en hin umrædda grein mundi hljóða svo:

„Forsetinn getur mælt svo fyrir, samkvæmt samningi, er gerður yrði við Danmörku, Finnland, Noreg eða Svíþjóð, að ákvæðin í a)—c) hér á eftir skuli fá gildi. Með sanningsríki er í þessari grein átt við það eða þau ríki, sem Ísland hefur gert við slíkan samning.

- a) Við framkvæmd 1. greinar, 1. málsg., 2. töluliðs skal meta fæðingu í sanningsríki til jafns við fæðingu hér á landi. Við framkvæmd 3. greinar og 4. greinar skal meta heimilisfesti í sanningsríki til fullnaðs 12 ára aldurs til jafns við heimilisfesti hér á landi.
- b) Ríkisborgari í sanningsríki, sem
 1. hefur öðlast ríkisborgararétt með öðrum hætti en með lögum eða samsvarandi hætti (naturalisation),
 2. hefur náð 21 árs aldri en ekki sextugsaldri,
 3. hefur verið heimilisfastur hér á landi síðustu 10 árin og
 4. hefur ekki á því tímabili verið dæmdur til refsivistar,öðlast íslenzkan ríkisborgararétt með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína. Ákvæði 5. gr. eiga hér við.
- c) Sá, sem misst hefur íslenzks ríkisfangs og hefur síðan óslitið verið ríkisborgari í sanningsríki, öðlast ríkisborgararéttinn að nýju með því að tilkynna dómsmálaráðuneytinu skriflega þá ósk sína, enda sé hann þá heimilisfastur hér á landi. Ákvæði 5. greinar eiga hér við.“

Þessi fyrirsmáli þykir, sem sagt, ekki fært að lögfesta hér, þar sem fámenni þjóðarinnar skapar henni sérstöðu í þessum efnun.

Þriðja atriðið, sem ástæða er til að vekja athygli á hér, er ákvæðið um aldursmark það, sem miða ber við um sjálfstæða öflun ríkisfangs ungmenna. Aldursmarkið var áður 18 ár í Danmörku og Noregi, en 21 ár í Svíþjóð. Í íslenzku lögunum er aldursmarkið 16 ár. Í hinum nýju lögum landanna þriggja er aldursmarkið ákveðið 18 ár, og hefur það aldursmark einnig verið sett í þessu frumvarpi. Að öðru leyti þykir rétt að vísa til athugasemda við einstakar greinar hér á eftir, en tekið skal fram, að 1.—8. gr. (orðalag 8. gr. er þó meira sniðið eftir orðalagi 6. gr. l. 64

1935) eru alveg samhljóða sömu greinum í lögum hinna þriggja landa (sbr. þó 2. mgr. 6. gr., sem er innskot) og 9. gr. efnislega samhljóða. Í 10. gr. eru skýringar-ákvæði samsvarandi ýmsum ákvæðum í skandinavísku lögunum og sama á við um gildistökuákvæðin í 11. gr. frumvarpsins.

Um 1. gr.

Í 1. og 3. tölulið 1. málsgreinar er óbreytt efni 1. málsgreinar í 1. gr. l. nr. 64 1935 um ríkisborgararétt skilgetins barns föður, sem er íslenzkur ríkisborgari, og óskilgetins barns móður, sem er íslenzkur ríkisborgari. — Í 2. tölulið er nýtt ákvæði, sem kemur í veg fyrir að barn verði ríkisfangslaust við fæðingu, þótt fætt sé hér á landi. Einnig er þessi regla í samræmi við aukið sjálfstæði konu í þessum efnunum. — Svo sem sjá má af þessu, er haldið hinni eldri aðalreglu, að skilgetið barn fylgi föðurnum. Þó segja megi, að með þessu sé brotið í bág við jafnréttið gagnvart eigin-konunni, eru augljósir vankantar á því í framkvæmd, að barnið fylgi báðum foreldrum, þar sem það mundi oft leiða til tvöfalds ríkisborgararéttar, auk þess sem allflókið yrði úr að greiða.

Í 2. málsg. er tekin upp regla 2. málsg. 1. gr. l. 64 1935 óbreytt að efni til, þó að aftur hafi verið vikið til svipaðs orðalags og í frv. 1926 (þskj. 215). Orðalag það, sem þá var tekið upp, hefur valdið misskilningi, þótt ekki væri ætlun þingsins 1926 að breyta efni málsgreinarinnar (sbr. þskj. 326/1926). Í frv. ræðir um fundið barn („hittebarn“ í skandinavísku lögunum), en orðalag 2. málsg. 1. gr. l. 64 1935 tekur til allra barna, sem ekki er vitað hvaða ríkisfang eiga.

Um 2. gr.

Þessi grein er sama efnis og 2. málsliður 3. greinar l. 64 1935 með þeirri breytingu, að í frv. er miðað við 18 ára aldur barna í stað 16 ára aldurs skv. núgildandi lögum. — Rétt þykir að halda í þessu efni samræmi við lög skandinavísku landanna, enda mundi 16 ára aldursmark hér geta leitt til tvöfalds ríkisborgararéttar í samskiptum við hin löndin. Annað mál er það, að ekki mundi þessi tilfelli verða fjölmörg. — Regla 1. málsliðs 3. gr. l. 64 1935, um að erlend kona öðlist ríkisborgararétt íslenzks manns síns við giftinguna, fellur, eins og áður segir, niður.

Um 3. gr.

Aðalbreytingar 1. málsg. þessarar greinar frv. frá reglum 1. málsgreinar l. 64 1935 eru tvennar: Skv. frumvarpinu öðlast útlendingur, sem fæddur er hér á landi og átt hefur hér lögheimili síðan, ekki sjálfkrafa íslenzkt ríkisfang, er hann nær ákveðnu aldursmarki, heldur þarf til þess beina yfirlýsta ósk hans. Sú mótbára hefur komið fram gegn þessari reglu, að óeðlilegt sé, að maður, sem svo nán tengsl hefur við landið, haldi ef til vill áfram að vera útlendingur ríkisborgari (og afkomendur hans þá e. t. v. líka) fyrir athugaleysi um reglur þessar eða e. t. v. af ásettu ráði. Á þessu er mjög lítil hættu. Bæði verða útlendingar þess varir, í sambandi við framkvæmd útlendingaeftirlits, að þeim er slíks réttar vant og auk þess kallar réttindaskortur í ýmsum efnunum (almannatryggingar, stjórnmalaleg réttindi o. s. frv.) svo ákveðið eftir aðgerðum í þessa átt, að ekki er hægt að telja regluna varhuga-verða þess vegna. Hins vegar hindrar reglan í mörgum tilfellum tvöfaldan ríkisborgararétt, sem hættu getur verið á með reglunni um að menn fái sjálfkrafa ríkisborgararétt við ákveðið aldursmark. Í þessu sambandi kemur einnig fram ástæðan til annarrar aðalbreytingar málsgreinarinnar. Aldursmark núgildandi laga er hækkað í 21 ár, og mundi það einnig verka í þá átt að hindra tvöfaldan ríkisborgararétt, þar sem yfirlýsingar um ríkisborgararétt gefnar fyrir 21 árs aldur, mundu samkvæmt lög-gjöf ýmissa landa ekki hafa þau áhrif að hlutaðeigandi missti ríkisfang sitt í því landi. Sá, sem ekki gefur yfirlýsinguna fyrir fullnaðan 23 ára aldur, verður þá að leita eftir ríkisborgararétti samkvæmt 6. gr. frumvarpsins. — Í þessu sambandi er rétt að benda á, að engan veginn er það frágangssök, eins og til hagar hér á landi,

að athygli útlendinga, sem kost eiga á að gerast ríkisborgarar með þessum hætti, sé vakin á því, t. d. er þeir ná 21 árs aldri. — Regla seinni málslíðs 1. málsg. þarfnast ekki skýringar. Ef tvöfaldur ríkisborgararéttur er sannanlega ekki til fyrirstöðu, er ekkert athugavert við að aldursmarkið sé 18 ár.

Síðari málsgreinin hefur vonandi ekki mikla þýðingu hér á landi, þó að skandinavísku ríkin telji hana æskilega vegna fenginnar reynslu, og virðist eðlilegast að hafa samræmi í þessu.

Um 4. gr.

Nýmæli er regla þessarar greinar, um rétt þeirra, sem fengið hafa íslenskt ríkisfang við fæðingu og hafa dvalið hér samfleytt til fullnaðs 18 ára aldurs, en síðan hafa misst ríkisfangið, til þess að áskilja sér ríkisfangið að nýju með einhliða yfirlýsingu sinni, er þeir hafa átt hér lögheimili í 2 ár samfleytt. Regla þessi sýnist heppileg, enda slíkum endurheimtum Íslendingum undantekningarlaust veittur ríkisborgararéttur, er þeir sækja um hann. Ekki hindrar regla þessarar greinar að ríkisborgararéttur sé veittur, jafnvel fyrr, með lögum, ef æskilegt þætti.

Um 5. gr.

Þessi grein, sem fjallar um það, hversu fari um ríkisfang barna er foreldrar eða foreldri öðlast íslenskt ríkisfang skv. 3. og 4. gr., þarfnast vart skýringar. Breyting er sú frá fyrri reglum, að barn fylgir móður þótt skilgetið sé, ef það er falið hennar forráðum eftir skilnað eða hún er ekkja. Hins vegar er einnig gerð sú breyting, að óskilgetið barn fylgir ekki móður sinni, ef faðir þess er erlendur ríkisborgari og hann hefur forráð þess. — Þessar breytingar sýnast í fullu samræmi við höfuðsjónarmið frumvarpsins. Þessi regla gildir og í 3. málsg. 6. gr. og kemur einnig fram í 3. tölulið 7. greinar frumvarpsins.

Um 6. gr.

Í 1. málsg. þessarar gr. er horfið aftur til sama innihalds og í ríkisborgaralögunum nr. 33 1926 (4. gr.). Skilyrði þau, sem sett voru inn í lög 1935, gátu að sjálfsgöngu ekki takmarkað löggjafarvald Alþingis, þó að Alþingi geti auðvitað fylgt þeim, ef það vill.

Í 2. málsg. er bætt inn fyrirmælum (til stjórnvaldanna) um, að fengnar skuli umsagnir lögreglustjóra og sveitarstjórna, um ríkisborgararéttarumsóknir, áður en þær eru lagðar fyrir Alþingi, er það til samræmis við það, sem annars staðar er tíðkað.

Leitað hefur verið upplýsinga um reglur þær, er gilda á Norðurlöndum og í Bretlandi um rannsókn á fyrri högum og háttarni umsækjanda um ríkisborgararétt, áður en afstaða yrði tekin til umsóknar.

Í öllum þess löndum ber umsækjanda að láta í té upplýsingar um hagi sína með líkum hætti og hér á landi, en auk þess eru í öllum löndunum framkvæmdar einhverjar frekari athuganir á högum umsækjandans, svo sem rakið er hér á eftir:

1. Í Finnlandi veitir forsetinn ríkisborgararéttinn og umsókninni er beint til ríkisráðsins. Áður en tekin er afstaða til umsóknanna er fengin umsögn hlutaðeigandi lénsstjórnar sem aftur fær umsagnir hlutaðeigandi sveitarstjórnar og lögregluþingvalda, m. a. um það, hvort veiting réttarins sé, samkvæmt þeim upplýsingum, sem fást um hagi umsækjanda, æskileg. Einnig er leitað umsagnar ríkislögreglunnar. Upplýsinga er leitað í öðrum löndum, ef sérstök ástæða þykir til (ekki segir með hverjum hætti).

2. Í Svíþjóð eru umsóknir stílaðar til konungs, en sendar til hlutaðeigandi lénsstjórnar. Lögregluþing er haldið yfir umsækjanda á dvalarstað hans, í tilefni umsóknarinnar. Er hann þá meðal annars látinn gera grein fyrir högum sínum áður en hann kom til landsins. Lénsstjórnin sendir síðan umsóknina að athugun lokinni til dómsmálaráðuneytisins og lætur uppi skoðun sína á umsókninni. Ráðuneytið fær síðan frá útlendingaeftirlitinu, sem látið er vita um umsóknina, upp-

lýsingar, sem þar kunna að liggja fyrir og sem máli skipta við mat á umsókninni. Samband er einnig haft við ríkislögregluna. Ráðuneytið snýr sér ekki beint til erlendra yfirvalda varðandi umsækjendur, en í undantekningartilfellum eru sendiráðin (á Norðurlöndum) látin athuga hagi umsækjanda erlendis. Athugun lögreglu og útlendingaæftirlits í sambandi við dvalarleyfisumsóknir mynda oft grundvöll að síðari upplýsingum um ríkisborgararéttar-umsækjanda.

Það mun sameiginlegt með finnskum og sænskum umsóknum, að þar er ekki krafist vottorða tveggja borgara eins og gert er hér á landi og í Danmörku og Noregi.

3. Í Noregi eru umsóknir stílaðar til dómsmálaráðuneytisins, en sendast til lögreglustjóra í umdæmi umsækjanda. Lögreglan rannsakar hagi umsækjanda og lætur uppi álit sitt um umsóknina, hvort hægt sé að mæla með henni og hverjir séu meinbugir, á grundvelli þeirra upplýsinga, sem fást, og ber lögreglunni að skýra frá því, hvaða athuganir hafi verið gerðar á högum umsækjandans. Umsagnir eru almennt fengnar frá framfærsluyfirvöldum á dvalarstað hans um afkomumöguleika hans, og frá slíkum yfirvöldum á fyrri dvalarstöðum í landinu um það, hvort hann eða fjölskylda hans hafi notið opinberrar aðstoðar.

4. Í Danmörku eru umsóknir stílaðar til innanríkisráðuneytisins, en sendar um hendur amtsyfirvalda. Áður en ráðuneytið tekur afstöðu til, hvort taka skuli umsækjanda inn á lagafrumvarp, þarf þar að liggja fyrir umsögn amtsyfirvaldanna, og þau hafa, áður en þau láta málið ganga til ráðuneytisins, samband við lögreglu og sveitarstjórn á dvalarstað umsækjanda.

5. Í Bretlandi veitir innanríkisráðherra borgararéttinn, og metur hann, hvort rétt sé að veita hann. Umsækjandi þarf vottorð fjögurra brezkra borgara (fæddra í Bretlandi), sem þekkja hann náið. Bæði umsækjendurnir og hinir 4 meðmælendur eru yfirheyrðir um hagi hans af lögreglunni. Þá er umsækjanda og skylt að auglýsa í blaði á dvalarstað sínum þá fyrirætlun sína að sækja um ríkisborgarétt (til þess að gefa almennungi kost á að skýra frá meinbugum). Fyrirmæli til lögreglunnar um athugun á högum umsækjandans eru gefin í mjög ítarlegu bréfi.

Um 3. málsg. skal vísað til þess, sem segir um 5. gr., en á það bent til viðbótar, að skv. frv. fylgir ekki eiginkona manni sínum sjálfkrafa (lög geta auðvitað mælt svo fyrir) og er þar breyting á efni síðustu málsg. 4. gr. l. 64 1935.

Um 7. gr.

Regla núgildandi laga (5. gr. l. 64 1935) um missi borgararéttar er á þá leið, að sá, sem verður ríkisborgari í öðru landi, missir íslensks ríkisfangs. — Þótt reglan sé svo skilyrðislaust orðuð, er augljóst að einhverjar takmarkanir hljóta að vera á henni, enda hefur hún ávallt verið skýrð svo, en hins vegar hefur auðvitað verið erfitt að fastákveða mörkin, en þau eru ákveðin í 1. tölulið þessarar gr. frv.

Viðbótarreglur í 2.—4. tölulið greinarinnar þarfnast ekki skýringar. Sbr. þá aðalreglu, að börn undir 18 ára aldri fylgi foreldrum. Undantekning er frá þeirri reglu í síðari málslíð 4. töluliðs.

Samkvæmt reglu 1. töluliðs missir íslensk kona ekki íslensks ríkisfangs, þótt hún fái erlent ríkisfang manns síns við giftinguna; umsókn eða skýlaust samþykki þarf til. — Hér kemur fram eitt höfuðsjónarmið frv., sem áður er lýst. Þessi regla leiðir að vísu til tvöfalds ríkisborgararéttar í nokkuð mörgum tilfellum. Hins vegar fer þeim tilfellum fækkandi, þar sem æ fleiri ríki breyta löggjöf sinni á sama hátt og gert er í þessu frumvarpi.

Um 8. gr.

Regla 1. mgr. er óbreytt frá 6. gr. núgildandi laga að öðru leyti en því, að niður er felld sundurgreiningin „íslenskur maður og íslensk kona ógift“ í samræmi við reglur frumvarpsins um ríkisborgararéttarlega stöðu kvenna.

Regla 2. mgr. er raunverulega óbreytt frá núgildandi lögum (3. mgr. 6. gr. l. 64 1935) að því er börnin snertir, en kona fylgir ekki lengur sjálfkrafa manni sínum um missi ríkisborgararéttarins.

Um 9. gr.

Óbreytt innihald 7. gr. l. 64 1935.

Um 10. gr.

Framkvæmdarákvæði greinarinnar eru í samræmi við ýmis ákvæði í hinum skandinavísku lögum og þarfnast yfirleitt ekki sérstakra skýringa. Rétt hefur þótt að taka upp (í lok 1. mgr.) reglu ríkisborgaralaganna frá 1919 (12. gr.) um að skjóta megi úrskurðum samkv. málsgreininni til dómstólanna.

Um 11. gr.

Í þessari grein eru ýmis ákvæði um ráðstafanir í sambandi við gildistöku laganna. Þarfnast þau lítilla skýringa, en þetta skal þó tekið fram:

Um 1. mgr. Ekki er ástæða til annars en að börn þau, sem um getur í málsg., verði sjálfkrafa ríkisborgarar þótt fædd séu fyrir gildistöku laganna.

Um 2. mgr. Hér er opnuð leið fyrir konur, er misst hafa ríkisborgararétt sinn vegna hjónabands við erlendan ríkisborgara, til þess að fá aftur íslenzkt ríkisfang með einhliða yfirlýsingu. Er þetta í samræmi við þær reglur, sem ætlað er að gildi samkvæmt lögunum og sanngjarnt að einnig þær, sem þegar hafa misst ríkisfang, njóti réttar skv. frumvarpinu.

Um 3. mgr. Konur þær, sem um getur í málsg., hafa ekki haft ástæðu til þess að leita leyfis skv. niðurlagi 1. mgr. 6. gr. frv. og fá til þess nokkurn frest.

Um 4. mgr. Varnagli um að þeir, sem svo er ástatt um sem í málsgreininni segir, skuli njóta reglna frumvarpsins.

Um 12. gr.

Rétt þykir að taka fram, að þó hér séu felld úr gildi lög 64 1935, gilda að sjálf-sögðu áfram reglur 9.—11. gr. laga 21 1919, um það hverjir hafi öðlzt íslenzkan ríkisborgararétt 1918.